# Framkvæmdanefnd kirkjuþings

***Fundargerð***
***7. febrúar 2022, kl. 9:30-14:00***

*Mætt eru:* *Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, formaður sem einnig ritar fundargerð*
*Einar Már Sigurðarson*
*Skúli Ólafsson*

Anna Guðrún setur fundinn.

**Umsækjendur um stöðu framkvæmdastjóra rekstrarstofu**

Umsóknir um stöðu framkvæmdastjóra rekstrarstofu voru alls 44. Fyrri umferð viðtala er lokið. Intellecta hefur séð um ráðningarferlið fyrir framkvæmdanefndina og sátu AGS og EMS viðtölin.

**Húsnæðismál yfirstjórnar Þjóðkirkjunnar**

Húsnæðismál rædd. Núverandi staða og framtíðarmöguleikar. Máli haldið opnu og mun Skúli S. Ólafsson vera fulltrúi framkvæmdanefndar þar sem húsnæðismál eru rædd.

**Ýmis mál**

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings og Guðmundur Þór Guðmunsson, starfsmaður kirkjuþings mæta á fundinn að eigin ósk.
Guðmundur Þór er að skila af sér verkefnum, eins og hann orðar það sjálfur, fer yfir húsnæðissögu og þá möguleika sem hafa verið skoðaðir sl. ár. Einnig fer hann yfir fjármál Þjóðkirkjunnar eins og þau mál hafa snúið að honum sem fyrrverandi skrifstofustjóra biskupsstofu.

*Fundi slitið kl. 12:00*